


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	ENSK3VG05	
	Námsáætlun vor 2018 fjar	

Kennari	Baldvin Ringsted	Sk.st.	BAR
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Námið miðar að því að nemandinn auki færni sína í enskri tungu og bæti bæði vísindaorðaforða og almennan orðaforða svo og málskilning. Nemandinn er þjálfður í ritun með ýmsum verkefnum sem tengjast vísindum. Einnig er nemandinn þjálfður í töluðu máli, bæði með umræðum og formlegum fyrirlestrum. Fjallað er um siðferðileg álitamál vísinda og samfélagslega ábyrgð.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- enskum orðaforða og hugtökum sem tengjast vísindum.
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi.
- siðfræði vísinda, til dæmis í umhverfismálum, og samfélagslegri ábyrgð.
- mismunandi málsniði enskrar tungu.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns fræðilegar greinar um efni tengd vísindum.
- skilja talað mál sem fjallar um vísindi, til dæmis fyrirlestra.
- taka virkan þátt í samræðum um vísindaleg málefni.
- tjá sig munnlega, bæði formlega og óformlega, um efni sem tengjast vísindum sem hann hefur kynnt sér og undirbúið.
- skrifa og skilja ýmiss konar texta sem tengist vísindum, meðal annars útdrætti, skýrslur og rannsóknarritgerðir.
- beita málinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja megininntak erinda og rökræðna sem fjallað er um í áfanganum.
- tileinka sér efni ritaðs texta sem tengist vísindum og nýta á mismunandi hátt.
- taka þátt í umræðum og færa rök fyrir máli sínu um vísindaleg málefni.
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt um málefni sem tengjast vísindum.
- nýta sér upplýsingatækni til fróðleiks og rannsókna.
- geta lagt gagnrýnið mat á texta.
- nýta sér fræðitexta og meta gildi heimilda.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	ENSK3VG05 Námsáætlun vor 2018 fjar	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Námsgögn:


Öll námsgögn eru á Moodle

Áætlun um yfirferð/Verkefni:

13 verkefni er lögð fyrir á önninni, svipuð að umfangi nema fyrsta og síðasta sem eru heldur styttri. Unnið er með leskafla (units), nemendur skila stílum (translation), vinna verkefni í orðaforða (vocabulary), þemum (theme) og málotkun (usage). Skilakassar verkefna eru opnir í 2 vikur. Ekki verða gefnir lengri frestir á verkefnaskilum.

Efnistöð eftir vikunúmerum eru sem hér segir:

1. Theme 1: Self description
2. Unit 1-Voca 1: Questions from U1-Usage 1: Minimal pairs- Theme 2: Professions-Trans 1
3. Unit 2-Voca 2: Questions from U2- Theme 3 Mania, phobia-Usage 2: Word classes-Trans 2
4. Unit 3-Voca 3: Questions from U3-Theme 4: Foreign plurals-Usage 3: Numbers-Trans 3
5. Unit 4-Voca 4: Translation- Theme 5: Sickneses and diseases-Usage 4: Foreign plurals-Trans 4
6. Unit 5-Voca 5: Questions from U5-Theme 6: More sciences-Usage 5: Passive voice-Trans 5
7. Unit 6-Voca 6: Translation-Theme 7: CV-Usage 6: Passive vocabulary-Trans 6
8. Unit 7-Voca 7: Questions from U7-Theme 8: Geology-Usage 7:opposites, verbs-Trans 7
9. Unit 8-Voca 8: translation-Theme 9: medicine-Usage 8: Too many words-Trans 8
10. Unit 9-Voca 9 translation-Theme 10: Biology -Usage 9: synonyms, antonyms-Trans 9
11. Unit 10-Voca 10: translation--Theme 11: Engineering-Usage 10: make nouns-Trans 10
12. Voca 11: Look back on course--Usage 11: included in Voca 11
13. Trans 11:Test preparation: Student deal with assignments in the spirit of the final exam.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	ENSK3VG05	Námsáætlun vor 2018 fjar

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Translation	11 þýðingarverkefni		16%
Vocabulary	11 verkefni í orðaforða		16%
Theme	11 verkefni í ýmsum atriðum tengdum tungumálinu		16%
Usage	11 verkefni í málnotkun		16%
Lokapróf	Skriflegt lokapróf		36%
	Samtals:		100%

Nemandi þarf að ná 40% úr lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist með.

Dagsetning:

Undirritun kennara



Ammar B. Palmadóttir
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils